



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2019.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.

Fyrir hönd Hrafnistuheimilanna og Sjómannadagsráðs lýsa undirritaðir yfir ánægju með að frumvarp um heilbrigðisstefnu á Íslandi sé loksins komið fram. Markvissa heilbrigðisstefnu hefur tilfinnanlega skort hér á landi.

Sjómannadagsráð hefur gengt mjög mikilvægu samfélagslegu hlutverki fyrir Íslendinga í áttatíu ár. Starfsemin hefur ávallt verið rekin án hagnaðarmarkmiða og hefur ráðinu tekist með atorku sinni og útsjónarsemi að koma á fót stærstu fyrirtækjum landsins sem sérhæfa sig í að þjóna öldruðum. Nú er svo komið að félög Sjómannadagsráðs veita daglega á annað þúsund aldraðra Íslendinga þjónustu með ýmsum hætti.

Fremst í flokki þeirra fyrirtækja er Hrafnista sem í dag rekur hjúkrunarheimili á sex stöðum í fimm sveitarfélögum. Íbúar þeirra eru samtals um 600 og hefur starfsemin nú varað í 60 ár. Að auki eru 300-400 aðrir aldraðir einstaklingar sem njóta þjónustunnar. Um 1.200 starfsmenn starfa á Hrafnistuheimilunum sem skipar starfseminni á bakk með fjölmennari vinnustöðum landsins. Hrafnistuheimilin eru því ein stærsta heilbrigðisstofnun landsins og einn stærsti vinnustaður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða hér á landi.

Þá rekur Sjómannadagsráð einnig fyrirtækið Naustavör sem leigir út rúmlega 200 íbúðir fyrir aldraða í þremur sveitarfélögum. Sérstaða íbúðanna byggist á því að þær eru allar sérhannaðar til að mæta þörfum aldraðra og eru tengdar beint með innangengum göngum við þjónustu sem veitt er á Hrafnistuheimilunum. Í þessum íbúðum búa nú tæplega 300 aldraðir Íslendingar, en langflestir þeirra eru eldri en 80 ára.

Þó ljóst sé að heilbrigðisstefna sé stefna en ekki aðgerðaráætlun, lýsa undirritaðir yfir undrun sinni að ekki sé minnst á starfsemi hjúkrunarheimila og hlutverk þeirra í heilbrigðisstefnunni. Orðið hjúkrunarheimili kemur ekki fyrir.

Rétt er að minna á að hjúkrunarheimili, sem starfa undir Sjúkratryggingum Íslands kosta ríkissjóð yfir 30 milljarða á ári og við það bætast öll þau hjúkrunarrými sem ýmsar ríkisstofnanir reka fyrir hönd ríkisins víðsvegar um land.

Mikilvægt er að fram komi í stefnunni hvert sé hlutverk og þjónustustig hjúkrunarheimila í framtíðinni. Á síðustu árum hefur þjónusta hjúkrunarheimila verið að breytast mikið til samræmis við þarfir þeirra sem þjónustunnar njóta en íbúar hjúkrunarheimila þurfa sífellt aukna og sérhæfðari þjónustu miðað við það sem áður var. Er þetta í ósamræmi við þjónustu hjúkrunarheimila í nágrannalöndum, eins og til dæmis Danmörku. Vel er kunnugt að himinn og haf er á milli fjárveitinga stjórnvalda til hjúkrunarheimila og viðmiða embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum þannig að óbreyttu mun þjónustustig hjúkrunarheimila lækka með auknum flutningi aldraðra íbúa hjúkrunarheimila yfir á Landspítala.

Það eru því mikil vonbrigði að svo veigamikill þáttur heilbrigðisþjónustunnar, sem hjúkrunarheimili eru, gleymist í heilbrigðisstefnunni. Það verður að skilgreina þjónustustig hjúkrunarheimila.

Virðingarfyllt,

Hálfdan Henrysson
Formaður stjórnar
Sjómannadagsráðs

Pétur Magnússon
Forstjóri
Hrafnistuheimilanna